

Fögur framtíð í Fljótsdal

Skilaboð samfélagsþings, apríl 2019



Efnisyfirlit

Samantekt.....	1
1. Inngangur.....	2
2. Forgangsröðun.....	3
3. Atvinnu- og verðmætasköpun.....	4
3.1. Búskapur og matvælavinnsla.....	4
3.2. Rekstrarumhverfi fyrirtækja í Fljótsdal.....	6
4. Viðburðir, menning, félagslíf.....	7
4.1. Viðburðir í dag.....	7
4.2. Fljótsdalsdagur.....	8
4.3. Handverkshópur.....	8
4.4. Allskonar viðburðir.....	8
5. (Heima) virkjanir.....	10
6. Sýnileiki og markaðssetning.....	11
6.1. Matarhérað.....	11
6.2. Þjónusta.....	12
6.3. Markaðsleiðir og markhópar.....	12
7. Ferðaþjónusta.....	13
7.1. Hengifoss og fleira.....	13
7.2. Gönguleiðir.....	15
7.3. Tjaldsvæði.....	15
8. Sambúð manns og náttúru.....	16
8.1. Sjálfbærni.....	16
8.2. Gera dalinn snyrtilegri.....	16
8.3. Lífrænt.....	17
8.4. Vatnajökulspjóðgarður.....	17
8.5. Hálendi.....	18
9. Af hverju Fljótsdalur? Styrkleikar og veikleikar.....	19

10.	Búsetuskilyrði	21
10.1.	Ungir	21
10.2.	Aldnir	21
10.3.	Byggðakjarni	21
10.4.	Samgöngur og fjarskipti.....	22
10.5.	Sorpmál.....	22
10.6.	Almenningssvæði og sundlaug	22
10.7.	Iðnaðarhúsnæði.....	23
11.	Fræðastarf og rannsóknir tengt stofnunum	24
12.	Mannauður	25
12.1.	Erlend samskipti	25
12.2.	Brottluttir.....	25
12.3.	Samskipti innan sveitar.....	26
13.	Fljótsdalshreppur – sameining og styrkir	27
13.1.	Sameining	27
13.2.	Styrkir.....	28
14.	Framtíðarsýn - 2035	29
15.	Samfélagsþing og hvað svo?.....	31
16.	Að lokum.....	32



Samantekt

Fljótsdalur býr yfir margvíslegum auðlindum og ef byggt er annars vegar á grunni fortíðar og hefðar og hins vegar á styrkleikum og tækifærum á öllum sviðum, verður „fögur framtíð í Fljótsdal“.

Þetta kom fram á samfélagsþingi sem haldið var í Fljótsdal, helgina 13. – 14. apríl, 2019. Þingið var haldið af Fljótsdalshreppi, í samstarfi við Austurbrú og var hluti af samfélagsverkefni, sem hófst í ágúst 2018. Fram kom í kynningu fyrir þingið að skilaboð þess verði nýtt til að skilgreina valkosti sveitarfélagsins, við stefnumörkun í margvíslegum málum, s.s. varðandi skipulagsmál, atvinnumál, þjónustu og eflingu samfélagsins. Þingið var haldið í Snæfellsstofu og stóð í tvo daga. Það var ætlað Fljótsdælingum, búsettum og brottfluttum, ásamt þeim sem hafa tengsl og rætur í dalinn, eiga þar hús eða jarðir eða starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í Fljótsdal. Það gekk eftir, allir þessir hópar áttu fulltrúa á þinginu og fór þátttaka fram úr björtustu vonum, því hátt í 50 manns mættu.

Fyrirkomulag þingsins byggði á alþjóðlegu fundaformi sem kallast Open Space, eða Opið rými. Þátttakendur stungu upp á málefnum til umræðu, sem síðan voru rædd í minni hópum. Þannig var rætt um 20 ólík mál, sem vörðuðu samfélag, atvinnulíf og umhverfi. Í lok þings var þessum málefnum síðan forgangsraðað. Þar skoraði langhæst málaflokkur sem kallaður var „búskapur, matvælavinnsla og kolefnisbinding“. Þar var rætt um allskyns búskap, úrvinnslu og sölu matvæla og einnig tækifæri og ógnanir sem geta falist í loftslagsbreytingum.

Þátttakendur á þinginu töldu viðburði og félagslíf vera næst mikilvægasta málefnið til eflingar byggðar og samfélags í Fljótsdalshreppi og vildu gjarnan fjölga tækifærum til þess að hafa „gaman saman“.

Rætt var um möguleika tengda virkjunum, bæði heimavirkjunum og orkuauðlindum í stærra samhengi og kallað eftir stefnumótun af hálfu sveitarfélagsins. Þá var lögð áhersla á sýnileika og markaðssetningu Fljótsdals. Af öðrum málum sem þátttakendur töldu mikilvæg, má nefna atvinnu- og verðmætasköpun, náttúruvernd og sjálfbærni, merkingu gönguleiða, bættu aðstöðu við Hengifoss og á fleiri áfangastöðum og hvað mætti gera betur varðandi Vatnajökulspjóðgarð og þann hluta hálendisins sem tilheyrir sveitarfélaginu. Á þinginu fór fram vönduð greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum Fljótsdals og var einnig skoðað hvaða innviðir og þjónusta þyrftu að vera til staðar til að laða að nýja íbúa. Þar var t.d. rætt um húsnæðismál, leik- og grunnskóla, íþróttastöðu, almenningsvæði og öldrunarheimili og varpað fram hugmynd um uppbyggingu byggðakjarna á aðlaðandi stað. Einnig þarf, að mati þátttakenda, að huga að samgöngum, gsm sambandi, útsendingarskilyrðum útvarps og sjónvarps, sorpmálum og gámasvæði. Þá kom fram að bygging iðnaðarhúsnæðis gæti skapað ýmis tækifæri og bent var á leiðir til að bæta aðstöðu á tjaldsvæði.

Hægt væri að gera enn meira úr fræðastarfi og rannsóknum í tengslum við stofnanir og fyrirtæki sem þegar eru starfandi í Fljótsdal og voru víðraðar ýmsar hugmyndir um verkefni og samstarf. Loks var rætt um mannauð og tengsl, s.s. erlend samskipti, tengingu við brottflutta og móttöku nýrra íbúa. Rætt var um kosti og galla sameiningar við önnur sveitarfélög og lagt til að hreppsnefnd greini mögulegar sviðsmyndir og móti stefnu. Einnig var ýmsum hugleikið hvernig sveitarfélagið gæti stutt við nýsköpun og m.a. nefndir þeir möguleikar að koma á fót stöðugildi við sveitarfélagið og/eða að stofna sprotasjóð.

Á þinginu létu margir ungir Fljótsdælingar að sér kveða og ljóst að hjarta Fljótsdælinga slær fyrir dalinn, jafnvel þeirra sem hleypt hafa heimdraganum. Með þennan kraft fólksins, auðlindir og sterka stöðu sveitarfélagsins, ættu markmið samfélagsverkefnis að nást, enda var því í lok þings gefið nafnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“.

Öllum sem þátt tóku í samfélagsþinginu í Fljótsdal og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina, eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.

Helgina 13. – 14. apríl 2019, var haldið samfélagsþing í Fljótsdal. Þingið var liður í samfélagsverkefni á vegum Fljótsdalshrepps, sem hófst á síðasta ári. Á þinginu var verkefninu gefið nafnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“.

Samfélagsþingið var haldið í Snæfellsstofu á Skriðuklaustri. Um veitingar sá Klausturkaffi og voru þær í boði Fljótsdalshrepps.

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við verkefnisstjórn. Ljósmyndir merktar Austurfrétt/Gunnar eru frá Gunnari Gunnarssyni, sem og hópmynd á forsíðu. Aðrar myndir eru frá ILDI.

Samfélagsnefnd vann að undirbúningi þingsins og mun leiða eftirfylgni með því. Í henni sitja:

Arna Björg Bjarnadóttir, formaður, fulltrúi íbúa.

Jóhann F. Þórhallsson, fyrir Fljótsdalshrepp.

Lárus Heiðarsson, fyrir Fljótsdalshrepp.

Signý Ormarsdóttir, Austurbrú.

Þórhallur Jóhannsson, fulltrúi íbúa.

Einnig tók Gunnþórunn Ingólfisdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps þátt í undirbúningi þingsins.



1. Inngangur

Í ágúst 2018 hófst undirbúningur vegna samfélagsverkefnis í Fljótsdalshreppi, í samstarfi við Austurbrú. Leitað var til íbúa eftir tilnefningu í nefnd til að leiða verkefnið, tveggja fulltrúa úr sveitarstjórn og tveggja fulltrúa íbúa, auk þess sem í nefndinni situr einn fulltrúi frá Austurbrú.

Verkefni nefndarinnar er þannig skilgreint, samkvæmt erindisbréfi: „Markmið með vinnu nefndarinnar er að leita leiða til að efla og styrkja samfélag í Fljótsdalshreppi með því m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra, fyrirtækja í hreppnum og annarra sem geta lagt verkefninu lið við að sjá framtíðarmöguleika byggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við sveitarfélagið.“.

Eftir vandaða undirbúningsvinnu, til að skilgreina frekar tilgang samfélagsverkefnis og skerpa á áherslum, lagði nefndin til við sveitarstjórn að boðað yrði til samfélagsþings. Þingið var haldið í Snæfellsstofu, helgina 13. – 14. apríl, 2019. Fljótsdælingar og velunnarar mættu vel til samfélagsþings og hátt í 50 manns ræddu hin ýmsu málefni og framtíðarsýn í þessa tvo daga. Þess má geta að þann 1. janúar síðastliðinn, voru 74 skráðir til heimilis í Fljótsdalshreppi.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space¹. Þátttakendur stungu upp á umræðuefnum, leiddu umræðuhópa og skráðu niður helstu punkta úr samtalinu. Samantektin byggir á gögnum frá hópum og kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum. Í lok þingsins fór einnig fram forgangsröðun á þeim málefnum sem tekin höfðu verið til umræðu, rætt var um framhald samfélagsverkefnis og því gefið heitið „Fögur framtíð í Fljótsdal“. Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með samfélagsþinginu og vann þessa samantekt, en hún hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum grunngildum og siðareglum.

Í köflunum hér á eftir er stundum talað um Fljótsdælinga og heimamenn, en þar er þá átt við alla þá hópa sem sóttu samfélagsþingið, óháð því hvort þátttakendur eiga lögheimili í dalnum, eður ei.



¹ <http://www.openspaceworld.org/>

2. Forgangsröðun


Samfélagsþinginu í Fljótsdal lauk með því að þátttakendum var boðið að forgangsráða þeim málefnum sem rædd höfðu verið yfir helgina, út frá mikilvægi fyrir „fagra framtíð í Fljótsdal“, sem varð niðurstaða þátttakenda um heiti á þróunarverkefninu sem samfélagsnefndinni hefur verið falið að leiða. Hver og einn fékk 10 punkta til að útteila á málaflokka, að vild.

Lang efst raðaðist málefnið búskapur, þar sem fyrst og fremst var rætt um fjölbreytta möguleika í landbúnaði en einnig komið inn á matvælavinnslu og kolefnisbindingu. Því næst lögðu heimamenn áherslu á samfélagið, á viðburði, félagslíf og menningu. Virkjanir voru í þriðja sæti og þá sérstaklega horft til heimavirkjana. Einnig töldu þátttakendur mikilvægt að huga að sýnileika og markaðssetningu Fljótsdals, sem raðaðist í fjórða sæti.

Þegar horft er yfir forgangsröðunina í heild sinni, sýnir hún að heimamenn telja að dýrmætasta auðlindin felist í möguleikum dalsins sem landbúnaðarsvæðis og vilja horfa til næstu þróunarskrefa á því sviði. En jafnframt brennur það á fólki að styrkja samfélagið innan frá og fjölga samverustundum. Það þarf ekki aðeins að virkja fólkið, heldur líka mögulega ár og læki, samkvæmt forgangsröðuninni. Náttúruvernd og svæðið við Hengifoss er nokkuð ofarlega, sem og þjónusta og innviðir. Aðrir málaflokkar koma svo þar á eftir og samkvæmt þessu er ljóst að Fljótsdælingar eru lítt spenntir fyrir sameiningu við önnur sveitarfélög.

Vert er að minna á að þó eitthvað raðist neðar en annað í forgangsröðuninni, eru öll málefni mikilvæg, eða nóg til þess að fólk vildi setja þau á dagskrá og ræða við samborgara sína. Og í hverjum og einum hópi voru ræddar hugmyndir sem eru allar þess virði að skoða.

Röðun kaflanna hér á eftir og heiti þeirra ræðst að mestu af forgangsröðuninni, en í nokkrum tilvikum hafa málefni verið dregin saman, til að halda endurtekningum í lágmarki.



3. Atvinnu- og verðmætasköpun

Á samfélagsþinginu var rætt um þau landgæði og aðstæður í Fljótsdal, sem eru grundvöllur að framtíðarþróun dalsins. Í þessum kafla er fjallað um verðmætasköpun í víðum skilningi, búskap og matvælavinnslu og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

3.1. Búskapur og matvælavinnsla

Búskapur, eða landnýting, er grunnforsenda búsetu í Fljótsdal. Í dalnum er mikil þekking á sviði matvælavinnslu. Þetta kom fram í hópi sem ræddi þrjú viðfangsefni; búskap í sinni víðustu merkingu, matvælavinnslu og kolefnisbindingu. Sjá nánar um þennan síðasta þátt í kafla 8.1., um sjálfbærni.

Hópurinn lagði áherslu á að búskapur byggir á því að nota land og það getur verið með ýmsum hætti. Hins vegar var bent á að þó vinnan sé næg, séu tekjurnar fyrir vinnuna ekki nægar. Þar mætti hugsanlega auka virði afurða með bragðgæðamati. Stefna ætti að aukinni fjölbreytni í landbúnaði, sem gæti kallað á fjárstuðning.

Sauðfé: Umræðan um sauðfjárrækt einkenndist að nokkru leyti af óvissu. Varpað var fram þeirri spurningu hvort kindakjöt eigi eftir að verða enn verðminna. Þátttakendur veltu fyrir sér möguleikum á minni, færanlegum sláturhúsum og heimavinnslu. Framleiðsluvörurnar séu þó ekki aðeins bundnar við kjöt, heldur felist líka möguleikar í framleiðslu, úrvinnslu og sölu á mjólk, kremum, olíum og merg. Einnig gærum og ull og þó hún sé reyndar verðlaus í dag, eins og þátttakendur sögðu, þá er erlendis farið að nota ull í köggla og nýta sem áburð.

Lýst var áhyggjum af kynslóðaskiptum í landbúnaðinum og spurt: „Tekur einhver við?“. Bent var á að næsta kynslóð bænda gæti komið utan frá. Vísað var til Noregs, þar séu „...alltaf tvö hús á jörð, annað fyrir gamla gengið til að tryggja kynslóðaskipti“.

Loks var varpað fram grundvallarspurningunni „getum við séð Fljótsdal fyrir okkur án sauðfjárræktar?“. Niðurstaðan var skýr, sauðfjárrækt í Fljótsdal sé einfaldlega hluti af menningunni.

Skógur: Skógurinn býður upp á fjölmargar framleiðsluafurðir, auk timburs og eldiviðar, s.s. sýróp, te, sveppi og birkisalt, sem í dag er framleitt á Fljótsdalshéraði og víðar. Þá var rætt um ný tækifæri, beitarskóga, útivist í yndisskógi, ferðamennsku og framleiðslu birkiösku. Einnig bar kolefnisbindingu á góma. Loks var lagt til að „læra hvernig skógarnir skila tekjum“.

„Getum við séð Fljótsdal fyrir okkur án sauðfjárræktar?“



Hestar: Hér var rætt um hestaleigur og útreiðar, tamin hross og hrossarækt, hrossakjöt og blóð, sem auðlindir og möguleika.

Hreindýr: Sagt var um hreindýrin, „þau lifa hér, eru veidd og svo keyrð í burtu“. Hægt væri að fara með hópa að skoða dýr. Varðandi afurðir, var rætt um vinnslu á kjöti og handverk úr hornum og beinum.

Fuglar og fiskar: Sagt var um fuglana eins og hreindýrin, „skotnir hér, farið með þá í burtu“. Eftirspurn sé eftir fuglajakjöti, sem skapi ýmis tækifæri. Varðandi fiska var helst talað um veiðileyfi og nýtingu fiska úr vötnum í matvælagæð. Loks var bent á að almennt bjóði veiði upp á að selja jafnframt ýmsa þjónustu.

Grænmeti: Fram kom að ýmis ræktun er í dalnum í dag, en þó mest til heimilisnota. Þátttakendur sáu tækifæri í rófnarækt og kartöflurækt og nefndu m.a. að mismunandi afbrigði geti gefið meiri verðmæti.

Korn og fleira: Fljótisdalur er á því svæði landsins sem talið er henta hvað best til kornræktar. Nefndar voru nokkrar tegundir; hafrar, repja, humlar og bygg – en byggjið mun reyndar vera erfitt að vinna, sögðu þátttakendur. Rædd var hugmynd um að koma upp vinnslustöð til að þurrka eða vinna olíu. Þannig mætti framleiða lífefnaeldsneyti, sem einnig væri hægt að ná úr dýrafitu.

Á þessu sviði væri við að etja samkeppni við niðurgreiddan innflutning, sögðu þátttakendur og nefnt sem dæmi að Íslendingar flytji inn 200 tonn af rabarbara í sultur. Hér væri flutningurinn innanlands dýrastur.

Farið var víða í umræðunni og m.a. komið inn á lóðréttu ræktun innanhúss, jafnvel með fiskum, þar sem úrgangur frá þeim nýtist sem áburður.² Loks var talað um fræbanka.

Villtar jurtir: Nefndar voru þrjár tegundir villtra jurta, blóðberg, einir og valhumall. Þetta mætti nýta í krydd og te og einnig mætti nota ýmsar jurtir til lækninga. Fram kom að Íslendingar noti aðeins 3% þeirra villtu berja sem vaxa í landinu. Til að stefna að betri nýtingu auðlinda mætti segja: „Komið og tínið sjálf.“

Þar sem nytjun villtra jurta er bæði dýr og tímafrek, velti hópurinn fyrir sér möguleika á ræktun. Einnig hvort fælist tækifæri í vottuðu landi og bent á að fólk sæki í að fá að safna jurtum.

„Aðstaða til úrvinnslu verður að vera sameiginleg.“



² <https://hellohomestead.com/introduction-to-aquaponic-gardening/>

Orka: Hér veltu þátttakendur upp ýmsum möguleikum varðandi orku, s.s. vindmyllum uppi á heiði, sólarorku á landi, kyndingu húsa með eldiviði og síðan öðrum orkugjöfum, sem ekki voru skilgreindir nánar.

Úrvinnsla: Lýst var áhuga á fullvinnslu afurða, t.d. undir vörumerkinu Fljótsdalur. Lögð var áhersla á að slík aðstaða verði að vera sameiginleg. Erfitt sé fyrir einn að byrja. Það sé kostnaðarsamt, auk þess sem afla þurfi leyfa. Meðal annars vanti kjötvinnslu fyrir stórgripi. Nefnt var að þegar séu nokkuð vottuð eldhús á svæðinu, s.s. í Végarði og að í bígerð sé að koma upp tilraunaeldhúsi á Hallormsstað.

Samlegðaráhrif: Að lokum kom fram að hafa beri í huga að samlegðaráhrif geti verið milli greina. Þannig væri hægt að vinna kindakjöt og hreindýrakjöt á sama stað. Þá gæti ferðabjónustan stutt við ýmsar greinarnar, t.d. með því að gefa fólki kost á að skoða sauðburð.

3.2. Rekstrarumhverfi fyrirtækja í Fljótsdal

Rætt var um rekstrarumhverfi fyrirtækja í Fljótsdal og þar komið víða við, enda allar atvinnugreinar undir. Varðandi innviði, kom fram að til staðar er ljósleiðari og þriggja fasa rafmagn, sem er mikill styrkur fyrir rekstur fyrirtækja og störf án staðsetningar. Góð vetrarþjónusta í samgöngum, skiptir einnig miklu máli. Huga þarf að aðstöðu fyrir starfsfólk sem kemur til skemmri eða lengri dvalar. Því var rætt um framboð á byggingarlóðum og skipulag þéttbýlis- eða byggðakjarna. Þessu tengt kom svo upp sú spurning hvort sveitarfélagið eigi að eiga landið.

Kallað var eftir því að sveitarfélagið móti stefnu varðandi móttöku nýrra fyrirtækja og rætt um upplýsingagjöf til starfsmanna fyrirtækja.

Fram kom áhugi á auknu samstarfi milli fyrirtækja í dalnum, m.a. með upplýsingagjöf og skoðunarferðum í fyrirtæki. Loks var stungið upp á því að stofnaður verði atvinnu-, nýsköpunar- eða þróunarsjóður í Fljótsdal.



4. Viðburðir, menning, félagslíf

Rætt var um félagslíf og viðburði í tveimur hópum, annars vegar undir yfirskriftinni „menningarviðburðir“ og hins vegar „viðburðir/félagslíf“. Þegar kom að röðun málefna eftir mikilvægi, var niðurstöðum beggja hópanna slegið saman. Þessi málaflokkur raðaðist næst efst í forgangsröðun og ljóst að Fljótsdælingar telja mikilvægt að leggja rækt við samfélagið í dalnum, með samveru og viðburðum.

Fram kom ánægja með „Fimmtudagskvöld í Fljótsdal“, sem samfélagsnefndin hefur staðið fyrir og sagt að þau séu „frábært framtak“.

4.1. Viðburðir í dag

Byrjað var á að kortleggja annars vegar fyrirtæki í Fljótsdal sem standa fyrir viðburðum og hins vegar hvaða fastir viðburðir eru í dag.

Fyrirtæki í Fljótsdal með viðburði í dag:

- Klausturkaffi.
- Gunnarsstofnun.
- Snæfellsstofa.
- Óbyggðasetur.

Fastir viðburðir í dag:

- Þorablót.
- 16. júní grill.
- Fljótsdalsdagur.
- Réttardagur.
- Félagsvist um jól.
- Grýlugleði.

Stungið var upp á því að þeir sem sjái um 16. júní grillið fái smá pening, til hvatningar.

„Fimmtudagskvöld í Fljótsdal – frábært framtak.“



4.2. Fljótsdalsdagur

Þátttakendur skorti ekki hugmyndir að viðburðum og samverustundum til að auðga mannlíf í Fljótsdal.

Rætt var um „hátíð fyrir samfélagið“ eins og það var orðað. Þetta yrði þá sér viðburður sem væri einkennandi fyrir Fljótsdal. Sú spurning vaknaði hvort hann mætti tengja hinum árlega Fljótsdalsdegi, sem hefur verið hluti af dagskrá héraðshátíðarinnar Ormsteitis. Á þinginu kom fram áhugi á að gera meira úr Fljótsdalsdeginum og þá gjarnan stefna að heilli helgi. Gera mætti flottan viðburður sem hefði ýmsa afþreyingarmöguleika, eða jafnvel dreifa á fleiri helgar, sögðu þátttakendur. Í tengslum við Fljótsdalsdaginn var stungið upp á dagskrárliðum eins og Kubbsmóti (Einar Sveinn með keppni), markaðsdegi og traktorstorfæru. Eða að halda slíka viðburði sérstaklega, óháð Fljótsdalsdeginum.

4.3. Handverkshópur

Ýmsir lýstu áhuga á að koma á fót handverkshópi, þar sem stefnt yrði m.a. að miðlun og varðveislu þekkingar og að skapa tækifæri til samveru fyrir handverksfólk. Þar yrði til dæmis þrjónað, heklað, skorið út og gert við fót. Einnig mætti halda námskeið í einhverju nýju og gömlu handverki. Stungið var upp á að hópurinn hittist einu sinni í mánuði. Litið var yfir sviðið og þá sem eru að framleiða í dag.

Framleiðslan sem er í dag:

- Peysur: Björk Kjartansdóttir, Ragnheiður Þórðardóttir, Helga Vigfúsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir.
- Útskorið: Bjarki Sigurðsson, Hörður Guðmundsson, Bjarki Jónsson.

*„Vantar stað fyrir kvenfólk –
karlarnir oft að hittast.“*

4.4. Allskonar viðburðir

Auk þess sem á undan er talið, töldu þátttakendur að gaman væri að halda fleiri litla viðburði, þar sem megin tilgangurinn væri að búa til samverustundir og að skipuleggja mætti einhvers konar þemakvöld, til dæmis í Végarði. Þar var m.a. stungið upp á spilakynningu, spilakvöldum eða spilahópi, sem gæti allt eins verið að sumri til. Þarna kæmu ýmsir saman til að kynna allskonar spil. Sérstaklega var nefnt spilið Dungeons & Dragons. Þá mætti fá kynningar af ýmsu tagi, t.d. bjórkynningu, garðyrkjuspjall og sitthvað fleira. Einnig voru viðraðar hugmyndir þar sem færu saman heilsuefning og samvera, eins konar lýðheilsusamverustundir. Þar gæti fólk komið og „núllstillt“ sig, sem væri til dæmis gott fyrir þreytta bændur.

Stungið var upp á að stofna aftur „kvenfélag“, en þó ekki endilega með þeim formerkjum sem starfsemi kvenfélaga byggir almennt á. Félagið gæti séð um einhverja viðburði. Sagt var: „Vantar stað fyrir kvenfólk – karlarnir oft að hittast.“



Fleiri hugmyndir að nýjum viðburðum eða aðstöðu rötuðu á blað:

- Tónlist – söngkvöld á milli bæja.
- Bjóða heim í kaffi – gera það í gegnum Facebook síðu.
- Réttarball. Búa til meiri stemningu fyrir balli.
- Markaðsdagur – á réttinni og fyrir jól, þá í nóvember.
- Jólball fyrir börnin.
- Tröllkonustígshlaup – Mud Run.
- Gólffrisbívöllur – hægt að keppa á.
- Samverustund í baðstofunni í Óbyggðasetri.



Einnig mætti, að mati þátttakenda, bjóða upp á:

„Fá fólk til að mæta, ekki bara Fljótsdælinga, heldur líka kynna út á við.“

- Opið fjárhús.
- Opið fyrirtæki.
- Opinn skóg.
- Opið grill- dag eða kvöld – og að þar væri hægt að tengja við tónlist.

Bent var á að mikilvægt sé að verðleggja viðburði og afþreyingu, enda sjálfböðavinna á undanhaldi í því samfélagi sem við lifum í í dag.

Spurt var hverjir eigi að vera ábyrgir og því svarað svona: „Þeir sem eru sterkir.“. Síðast en ekki síst þurfi að fá fólk til að mæta og margir viðburðanna ættu ekki að vera eingöngu fyrir Fljótsdælinga. Því þyrfti að leggja áherslu á kynningu út á við.

Næstu skref:

- Hreppsnefnd gefi leyfi til að nota Végarð. Auglýsi hvaða dagar og kvöld eru laus.
- Framkvæði einstaklings til að starta hópi eða viðburði og auglýsa.
- Stofna partýnefnd Fljótsdalshrepps.
- Setja saman góða áætlun út frá hugmyndavinnu.
- Framkvæma!



5. (Heima) virkjanir

Á þinginu var stungið upp á tveimur umræðuefnum sem varða orkumál. Annars vegar „heimavirkjanir“ og hins vegar „virkjanir“ og var þessum málum slegið saman. Farið var vítt yfir svið orkumála og ýmsir kostir skoðaðir. Vísað var m.a. til fjárhagslegra hagsmuna og sagt: „...í dag borgum við allt of háa rafmagnsreikninga“.

Þátttakendur í hópnum voru spurðir: „Ef hreppurinn byði upp á styrk fyrir t.d. rennslismælingum, myndir þú nýta þér það? Var því svarað einróma játandi.

Fram kom að hugsanlega geti fleiri en einn bær verið með sömu virkjun.

Rætt var um nauðsynlegan undirbúning. Byrjað yrði á að skoða möguleika á virkjunarkostum og til þess þyrfti rennslismælingar. Upplýsingar um vatnasvið og úrkomu ætti að vera hægt að fá hjá Veðurstofunni, sögðu þátttakendur. Hagkvæmni ráðist út frá ýmsum þáttum, s.s. inntakslóni, lengd pípu, fjarlægð frá bæ og fleiru. Bent var á að viðhald slíkra virkjana eigi ekki að vera verulegt og lögð áhersla á að láta ekki hræðslu við þurrka stoppa sig af.

Fram kom að Rarik sé „...með hamlandi kerfi gagnvart sölu“. Einnig geti verið tæknilegir örðugleikar á sölu til Rarik.

Leita þarf svara við ýmsum spurningum, að mati hópsins:

- Hvað er virkjunin lengi að borga sig upp?
- Staðsetning innan dalsins, skiptir hún máli?
- Er Rarik skylt að kaupa orku frá stærri aðilum?
- Er Orkustofnun með eitthvert prógramm varðandi heimavirkjanir?
- Smávirkanafélagið – er það til ennpá?

„Ef hreppurinn byði upp á styrk fyrir t.d. rennslismælingum, myndir þú nýta þér það?“

Þegar fyrir liggja niðurstöður af þeirri kortlagningu sem byrjað yrði á, yrði þeim komið áfram til áhugasamra aðila, sögðu þátttakendur. Í því sambandi vaknaði sú spurning hvort Orkustofnun sé með eitthvert prógramm varðandi heimavirkjanir.

Lagt var til að lokið verði við tilraunaboranir til að komast af því hvort jarðhiti sé vænlegur kostur. Arnheiðarstaðir voru nefndir í þessu sambandi. Þá var rætt um skýrslu um varmaendurvinnslu og að sveitarfélagið þurfi að taka afstöðu til vindorku.

Loks var varpað fram þeirri grundvallarspurningu hvort sé áhugi fyrir stærri virkjunum fallvatna, eða hvort eigi að friða. Bent var á að fara þurfi fram mat á umhverfisáhrifum á virkjunum sem eru yfir 10 MW.³

Næstu skref:

- Stefnumótun innan sveitarfélagsins.

³ <http://www.skipulag.is/media/umhverfismat/Smavirkjanir.pdf>

6. Sýnileiki og markaðssetning

Einn hópur ræddi um sýnileika og markaðssetningu Fljótsdals, en einnig var komið inn á þau mál í fleiri hópum. Markmiðið væri að auka sýnileika og draga fram sérstöðu Fljótsdals. Almennu voru skilaboðin þau að það sé styrkur að sameiginlegri markaðssetningu. Velt var upp hugmynd um vörumerki, annars vegar fyrir matvæli, en einnig almennt. Þá var nefndur sá möguleiki að selja kolefnisjafnaðar vörur. Auk þess að markaðssetja framleiðslu og vörur úr Fljótsdal, nefndu þátttakendur líka markaðssetningu á sögu og menningu.

Í umræðu um Vatnajökulsþjóðgarð og hálendi, var bent á að markaðssetja mætti hálendið meira fyrir ferðapjónustuaðilum. Og jafnframt að bæta markaðssetningu á þjóðgarðinum, gagnvart heimamönnum og nærumhverfinu.

Hópurinn byrjaði á að spyrja:

1. Hvernig á að markaðssetja?
2. Hvað á að markaðssetja?
3. Hver á að sjá um markaðssetninguna?
4. Hvar á að markaðssetja?
5. Hvenær á að markaðssetja?

„Auka sýnileika og draga fram sérstöðu Fljótsdals.“

6.1. Matarhérað

Við spurningunni um hvað á að markaðssetja, var m.a. rætt um matarhérað, sbr. alþjóðlegu „Slow Food“ hugmyndafræðina, sem miðar að því að renna styrkari stoðum undir mat úr héraði. Einnig nefndi hópurinn sjálfbærni og að Fljótsdalur er hluti af eða í nálægð við þjóðgarð og að falist geti tækifæri í því fyrir sauðfjárþændur að markaðssetja „fé sem gengur innan þjóðgarðs“.

Varðandi sölu á landbúnaðarafurðum, kom fram að þændur hafi aftengst sölu. Áhugavert væri að selja meira beint frá býli. Þá felist tækifæri í netsölu, t.d. REKO hugmyndafræðin, sem eru hringir um milliliðalaus viðskipti, sem fara fram í gegnum Facebook. Einnig séu tækifæri í því að selja matvöru til veitingastaða í dalnum og að selja svæðismerktar gæðavörur milliliðalaust til veitingastaða annars staðar á landinu, í stað þess að veitingastaðir panti austfirski vöru úr Reykjavík.

Bent var á að framsetning og útlit vöru skipti miklu mál. Þá þurfi að huga að aðgengi neytenda, sýnileika og vitund um vöru. Rætt var um þann möguleika að búa til eitt vörumerki, „matvæladalurinn Fljótsdalur“ og þar vísað til hráefnis, fullvinnslu og sölu.



6.2. Þjónusta

Stungið var upp á að búa til bækling um grunnþjónustu í Fljótsdalshreppi, fyrir nýja íbúa. Þar kæmi m.a. fram að frítt er í leikskóla, að boðið er upp á námsstyrki og annað sem við á.

Einnig var rætt um að efla kynningu á umhverfisvitund í Fljótsdal og talað um hleðslustöðvar í því sambandi.

6.3. Markaðsleiðir og markhópar

Við spurningunni um hvaða miðla eigi að nota til að auglýsa, var stungið upp á því að víkka út innihald vefsíðu Fljótsdalshrepps. Tekið yrði mið af þremur markhópum og sagt: „Fyrir ferðamenn, fyrir okkur og fyrir nýja íbúa.“. Einn hópanna talaði líka um markaðssetningu erlendis og þá ekki eingöngu til ferðamanna. Í umræðu um markaðssetningu innanlands, var m.a. stungið upp á að markaðssetja tjaldsvæðið og reyndar Fljótsdalinn almennt, fyrir Íslendingum og þá sérstaklega fjölskyldum. Loks var nefnt að ekki mætti líta langt yfir skammt, heldur líka markaðssetja það sem Fljótsdalurinn hefur upp á að bjóða, til heimamanna og nágretta innan svæðis og bent á að oftast er rjómablíða í Fljótsdal, þegar er þoka niðri á fjörðum.

Tilvalið væri að nota þekkt vörumerki í Fljótsdal til að kynna önnur vörumerki, sem ekki eru þekkt. Markmiðið er í raun einfalt, að kaupendur finni vörurnar og geti keypt þær, sögðu þátttakendur

Nefnt var sérstaklega:

- Vatnajökulspjóðgarður.
- Óbyggðasetur.
- Hengifoss.
- Skriðuklaustur.
- Bessastaðaárgljúfur.

„Markaðssetning til heimamanna og nágretta; lítum ekki langt yfir skammt.“

Hópurinn vildi horfa til Djúpavogs sem ákveðinnar fyrirmyndar í markaðssetningu á sveitarfélagi og þar vísað til þess að Djúpivogur er aðili að Cittaslow hreyfingunni. Á vef Djúpavogshrepps segir: „Í víðasta skilningi er markmið Cittaslow-hreyfingarinnar að auka lífsgæði og ánægju fólks með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu í borgum og bæjum nútímans viðnám og heiðra þess í stað sérstöðu, vitund og sjálfbærni.“⁴

Loks var spurt: „Hvað virkar – hver markaðssetur?“. Þar var m.a. rætt um áhrifavalda á samfélagsmiðlum og stungið upp á því að „kaupa Instagram stjörnu“ og nota Facebook til markaðssetningar.



⁴ <https://djupivogur.is/Djupivogur/Cittaslow/Hvad-er-Cittaslow/>

7. Ferðapjónusta

Rætt var um ferðapjónustu í ýmsum hópum og greinilegt að Fljótsdælingar sjá tækifæri í þeirri atvinnugrein, til framtíðar. Þinggestum var þó umhugað að ferðapjónusta reyni ekki um of á burðarþol, sem snýst um umhverfi, samfélag og upplifun gesta og var talað um „túristastýringu“. Sérstaklega var rætt um Hengifoss, gönguleiðir og tjaldsvæðið við Végarð.

Þátttakendum varð tíðrætt um ferðapjónustuna út frá tengslum við landbúnaðinn. Nefndur var sá möguleiki að bjóða gestum að taka þátt í bústörfunum og m.a. skoða sauðburð. Einnig var talað um sölu afurða og matarsmökkun fyrir ferðamenn og hestaleigu, en í dag er það aðeins Óbyggðasetur sem býður upp á hestaferðir. Stungið var upp á að koma á fót húsdýragarði.

Rætt var um að skilgreina og markaðssetja „Gullna Fljótsdalshringinn“. Markmiðið væri að fá fólk innar í dalinn og að ferðamenn dvelji lengur í Fljótsdal. Auk þeirrar ferðapjónustu sem þegar er í Fljótsdal, gæti hringurinn verið samsettur úr eftirtöldu, sögðu þátttakendur:

- Hálendið.
- Útivistarsvæði.
- Yndisskógar.
- Gönguleiðir.
- Hjólastígar.
- Fjarréttin okkar.
- Hreindýr.
- Lagafljótsormurinn.
- Grýla úr Fljótsdal!!!!
- Tröllkonustígur.

7.1. Hengifoss og fleira

Hengifoss er sá staður í Fljótsdal, sem hefur hvað sterkast aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda. Þangað koma gríðarlega margir gestir á ári hverju og því mikilvægt, að mati heimamanna að standa vel að skipulagi og öryggisráðstöfunum. Þetta var meðal þess sem fram kom í hópi sem ræddi um Hengifoss – og reyndar sitthvað fleira. Hópurinn taldi að gera þurfi ákveðnar breytingar, sem kunni að kalla á breytingar á deiliskipulagi. Eftirtalin atriði rötuðu á blað:

- Endurskoða staðsetningu á þjónustuhúsi.
- Bílastæði báðu megin við Hengifossá.
- Brú fyrir ofan Hengifoss, við skriður, ofan við Litlanesfoss, við bílastæði.
- Göngustígur með mismunandi erfiðleikastigum.
- Meiri upplýsingar fyrir ferðamenn og heimamenn, réttin, beitarhús.

Varðandi þjónustuhús við Hengifossá, sögðu þátttakendur í hópi sem ræddi um atvinnu- og verðmætasköpun í Fljótsdal, þetta:

- Teikna nýtt, komnar nýjar kröfur.
- Setja húsið á „réttan stað“, betri staður.
- Setja lítinn söluskúr strax.
- Sala lókal afurða.
- Ferðamenn geti komið með tillögur á minnismiðavegg.

„Endurskoða staðsetningu á þjónustuhúsi.“

Jafnframt var lagt til að upplýsingaskiltum verði fjölgað til muna og þá sérstaklega nefndir fjórir staðir; réttin, Drekkingshylur, Tröllkonustígur og Parthúsin. Þá var viðruð hugmynd um bókunarskrifstofu við Hengifoss.

Stungið var upp á að setja bílastæði við Bessastaðaárgil, fremst í Kálfadal, þar sem sést m.a. yfir Melarétt.

Að mati hópsins vantar ítarlegri rannsóknir á jarðfræði Hengifossárgilsins, t.d. surtarbrandi og á jarðlögum sem sjást greinilega í umgjörð fossins. Í þessu gætu falist tækifæri, sbr. umræður í öðrum hópi um fræðastarf og rannsóknir, sjá kafla 11 hér á eftir.

Varðandi öryggismál var sérstaklega litið til björgunarsveitar og landeigenda. Eiga þurfi samtal um hvernig á að bjarga fólki sem slasast á svæðinu. Þá mætti, töldu einhverjir, koma upp einhvers konar auðkenniskerfi svo að auðveldara væri að finna slasaða.

Rætt var um Strútsfoss og hvort eitthvað þurfi að gera þar. Því var svarað játandi, þar þurfi að ráðast í úrbætur. Fossinn megi gjarnan merkja betur og auglýsa betur. Fram kom að hann er einn af þremur stöðum í Fljótsdal, sem bent er á í bæklingi og á netinu undir heitinu „Perlur Fljótsdalshéraðs“. Lagt var til að Fljótsdalshreppur taki þátt í kostnaði við gerð bæklingins næst þegar eftir því verður leitað.

Stungið var upp á sögugöngum/fræðslugöngum, þar sem fjallað yrði um dalinn, fólkið og sitthvað fleira. Einnig kajakferðum á Hengifossárvatni eða öðrum vötnum í sveitarfélaginu.

Þá var lagt til að farið verði í að safna örnefnum í Fljótsdal, með því að afla upplýsinga hjá vel kunnugum heimamönnum.

Almennt varðandi friðlýsingu, töldu þátttakendur mikilvægt að stjórnunin sé í nærsamfélaginu. Vísað var til Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs í því sambandi.



Austurfrétt/Gunnar

7.2. Gönguleiðir

Gönguleiðir bar á góma í nokkrum hópum. Meðal annars í hópi sem ræddi um innviði og öðrum sem fjallaði um Hengifoss og fleira.

Stungið var upp á að setja upp göngustikur á sérstakar gönguleiðir og viðhalda þeim. Þessir staðir voru nefndir:

- Bessastaðaárgil.
- Strútsfoss.
- Tröllkonustígur í Valbjófsstaðarfjalli.
- Víðivallaskógur.
- Ranaskógur.
- Múlinn.
- Frá Kleif í Aðalból.

„Setja upp göngustikur á sérstakar gönguleiðir og viðhalda þeim.“

Sú hugmynd að standa fyrir Tröllkonustígshlaupi var rædd á þinginu og m.a. vísað til hugtaksins „Mud Run“. Þátttakendum gæti m.a.s. verið uppálagt að vera uppáklæddir eins og tröll, sagði einhver. Leiðin var skilgreind þannig: Tröllkonustígur – Bessastaðaárgil – Skriðuklaustur – Végarður. Fram kom að gönguleiðin sé nú þegar á aðalskipulagi, en að gjarnan mætti gera meira úr henni og setja hana á kort.⁵

Loks var rætt um gönguleiðir á hálendinu almennt, en þær ekki skilgreindar frekar.

7.3. Tjaldsvæði

Einn hópur ræddi sérstaklega um tjaldsvæðið, sem er staðsett við Végarð og í umræðum kom fram áhugi á að bæta þar aðstöðu. Rætt var um að þar vanti afþreyingu og talað um leiktæki og frísbý-golfvöll og nefnt að Ungmennafélagið Þristurinn hafi áhuga á því máli. Þá var stungið upp á að merkja gönguleiðir frá tjaldsvæðinu og að gróðursetja skjólveggi, skjólgróður og skjólbelti.

Markaðssetja mætti Fljótsdalinn enn frekar fyrir fjölskyldum og/eða Íslendingum og tjaldsvæðið þar með, sagði hópurinn.



Austurfrétt/Gunnar

⁵https://lagarfljot.wordpress.com/treks/trollkonustigur/?fbclid=IwAR1LpOp8WGW0J342UY5Hrm2rSYHvTyLuHw_GBw_wogmZf_nn_NYTSE5MjQ2A

8. Sambúð manns og náttúru

Í mörgum hópnum var rætt um málefni sem varða nýtingu landgæða og sambúð manns og náttúru. Einn hópur hugðist ræða um „náttúruvernd, sjálfbærni og lífrænt“, en náði því miður ekki að fjalla um náttúruverndina sérstaklega. Hins vegar var í öðrum hópnum rætt um ásjúnd og umgengni, Vatnajökulsþjóðgarð og hálandið.

8.1. Sjálfbærni

Hér horfðu þátttakendur til framtíðar og lögðu til það metnaðarfulla markmið að Fljótsdalur verði fyrirmyndar samfélag á heimsvísu varðandi sjálfbærni í víðasta skilningi þess orðs. Það tæki þá m.a. til matar, húsnæðis, orku og kolefnisbúskapar. Lögð yrði áhersla á að nýta sem mest heimafengið, flytja lítið inn og draga úr matarsóun. Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, ættu að kaupa af heimasvæði og velja íslenskt. Hópurinn taldi mikilvægt skref, ef í leik- og grunnskólum á svæðinu, yrði notað kjöt og grænmeti af svæðinu.

Fram kom að loftslagsbreytingar geti haft ýmis áhrif á ræktun í dalnum. Þær geti fært ný tækifæri og ný verðmæti, en líka nýjar ógnir. Hugsanlega megi selja kolefni og/eða kolefnisjafnaðar vörur. Lagt var til að sveitarfélagið og samfélagið í Fljótsdal setji sér loftslagsmarkmið varðandi hvert skuli stefna. Annars vegar þá með skógrækt og einnig var spurt hvort séu einhver svæði sem mætti taka í endurheimt votlendis.

„Vera með tiltektardag á vorin og svo enda allir í kaffi á Klausturkaffi.“

8.2. Gera dalinn snyrtilegri

Í umræðum birtist mikill metnaður gagnvart góðri ásjúnd og snyrtimennsku. Verkefnið væru m.a. þessi:

- Betri flokkun á gámasvæðinu og í Végarði.
- Henda ónýtum tækjum á réttan stað - endurvinnsla þar sem við á og svo framvegis.
- Fjarlægja ónýtar og tilgangslausar girðingar.
- Henda rusli; rúlluplast og rusl á girðingum.

Stungið var upp því á að hafa sérstakan tiltektardag eða jafnvel helgi, til dæmis á vorin þegar snjóá leysir, e.t.v. á sumardaginn fyrsta. Verkefnið væri að týna rusl, merkja leiðir og almennt að fríkka umhverfið. Því „margar hendur vinna létt verk“. Á eftir gætu allir endað í kaffi á Klausturkaffi, sagði einhver og annar stakk upp á að hafa grill á eftir. Umfram allt var lögð áhersla á að koma í veg fyrir ruslsöfnun með því einfaldlega að ganga vel um.



Austurfrétt/Gunnar

8.3. Lífrænt

Varðandi sjálfbærni almennt, kom fram hjá hópnum að erlendis sé greitt hærra verð fyrir lífrænar vörur. Rætt var um lífrænan sauðfjárbúskap og lagt til að „gera sveitina lífræna“. Fram kom að það gætti þýtt einhverja fækkun sauðfjár, þar sem þurfi meira pláss.

Stungið var upp á því að „fá Eygló í Vallanesi til að vera með fyrirlestur um lífræna framleiðslu“.

8.4. Vatnajökulsþjóðgarður

Rætt var um Vatnajökulsþjóðgarð í einum hópi sérstaklega, ímynd hans heima fyrir, aðstöðu og þjónustu og einnig hugmyndina um miðhálandisþjóðgarð. Jafnframt var þjóðgarðurinn nefndur í fleiri hópum m.a. þeim sem ræddi um Hengifoss.

Fyrst beindi hópurinn sjónum sínum að sambúð þjóðgarðsins við heimamenn og „ímynd þjóðgarðsins hér heima“. Fram kom að friðlýsing og friðland hafi farið fyrir brjóstið á einhverjum, t.d. veiðimönnum. Spurt var: „Var einhverju lofað sem ekki var staðið við?“. Þá kom fram að það vanti peninga að þeir hefðu átt að koma fyrir og kallað var eftir fastri heilsársopnun Snæfellsstofu.

Þar sem flest starfsfólk Snæfellsstofu sé sumarfólk, fari þekkingin burt með þeim. Nokkur umræða varð um húsnæðið og greinilega um það skiptar skoðanir. Einhverjum finnst það ekki aðlaðandi og fremur kuldalegt en öðrum finnst það flott. En til samanburðar var nefnt að Skriðuklaustur sé með allt aðra upplifun.

Þá var varpað fram þeirri spurningu hvort þurfi að merkja húsið betur.

Varðandi miðhálandisþjóðgarð var spurt: „Á hann að fara niður í dal?“. Út frá reynslunni af Vatnajökulsþjóðgarði var kallað eftir betri stýringu og þar nefnt landverðir, landvernd og atvinna. Varðandi friðlýsingu almennt var bent á mikilvægi þess að stjórnunin sé í nærsamfélaginu.

Loks var rætt um að það felist í því markaðstækifæri fyrir sauðfjábændur að selja afurðir af fé sem hefur gengið innan þjóðgarðs.

*„Mikilvægt að stjórnun friðlýstra svæða
sé í nærsamfélaginu.“*



8.5. Hálendi

Í umræðum um þann hluta hálendisins sem liggur innan marka Fljótsdalshrepps, var m.a. komið inn á aðgengi, skála, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í hópnum, er leið F909 að Snæfellsskála komin inn á Google Maps. Þátttakendur sjá tækifæri í því að markaðssetja hálendið meira fyrir ferðaþjónustuaðilum, til dæmis gönguleiðir á hálendi. Þar bar m.a. á góma, ferðir á vegum fyrirtækisins Wildboys, sem býður upp á ferðir með leiðsögn á tinda og um gönguleiðir á Austurlandi.⁶

Lagt var til að farið verði í að laga vörður á gömlum þjóðleiðum og nefnt að til þess þurfi að fá leyfi hjá Minjastofnun. Einnig kom fram áhugi á að gera upp gamla kofa og þá sérstaklega nefndir Bergkvíslarkofi/Eyjakofi og Hálskofi. Þátttakendur töldu að þetta ætti ekki að kalla á mikinn kostnað.

Næstu skref:

- Bæta markaðssetningu og upplýsingaflæði gangvart heimamönnum og nærumhverfi.
- Umræður meðal heimamanna:
 - Hvað viljum við gera með hálendið ?
 - Viljum við eitthvað annað en miðhálendisþjóðgarð?
 - Vantar fundarhöld.

„Laga vörður á gömlum þjóðleiðum.“



Austurfrétt/Gunnar

⁶ <https://wildboys.is/>

9. Af hverju Fljótsdalur? Styrkleikar og veikleikar

Einn hópur fór þá leið í sinni vinnu að greina styrkleika og veikleika og reyndar líka ógnanir og tækifæri, út frá spurningunni „Af hverju Fljótsdalur?“. Farið var vítt yfir sviðið, umhverfi, atvinnulíf og samfélag.

	Innri greining	Ytri greining
+	<p><u>Styrkleikar</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Náttúra • Veðurfar • Samfélag/fólk • Góð landgæði til ræktunar/frjósemi • Fjölbreytt atvinnulíf • Fullt af peningum • Góð tenging 3G/Netið • Þriggja fasa rafmagn 	<p><u>Tækifæri</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Rækta meira land • Fjölbreytni í landbúnaði • Verðmæti með ferðamönnum • Nýta perlur meira • Bæta þjónustu fyrir ferðamenn • Sauðfjárrækt: Fjölbreytni • Loftslagsbreytingar – t.d. meiri ræktun möguleg • Nota peninga hreppsins til að byggja upp atvinnulíf • Þjóðgarðurinn • Hreindýr • Saga dalsins og hefðir • Ungt fólk • Breyta búskaparháttum • Jarðhiti, vindur • Nýta raforku t.d. til grænmetisræktunar og fiskræktunar • Gæsakjöt • Þekking/menntun eldra fólks • Félagslíf: T.d. bíó í Végarði
-	<p><u>Veikleikar</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Meðalaldur • Húsnæði vantar • Vantar grunnþjónustu: Skóla, heilsuþjónustu... • Vannýttar jarðir • Hreindýraslóð – mætti gera meira úr 	<p><u>Ógnanir</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Verð á afurðum • Kynslóðaskipti • Loftslagsbreytingar • Samstarf íbúa – toga íbúa í samfélagslíf • Færa þekkingu eldra fólks yfir á nýja kynslóð

Hópurinn skilgreindi jafnframt framtíðarsýn og sagði:

Eftir 10-20 ár viljum við:

- Elliheimili.
- Skóla.
- Leikskóla.
- Matvælaframleiðslu.
- Matarmarkað/sveitamarkað: Geta keypt eins mikið og kostur er, úr sveitinni.
- Fjölbreyttan landbúnað: Til dæmis korn, grænmeti, nautakjöt, skógrækt og fleira.
- Iðnað við skógrækt.
- Sterkara samfélag.



Næstu skref:

- Hafa gaman saman – koma saman meira.
- Ráða framkvæmdastjóra við sveitarfélagið.
- Stofna frumkvöðlastarf fyrir sveitarfélagið.
- Setja upp húsnæði og/eða nýta eyðibýli.
- Leiga út eða selja ónotaðar jarðir, t.d. lítil lóð eða smábýlislóð.

„Geta keypt eins mikið og kostur er, úr sveitinni.“



10. Búsetuskilyrði

Í þessum kafla eru dregin saman skilaboð frá nokkrum hópum, meðal annars einum sem ræddi um grunnþjónustu og aðra þjónustu/afþreyingu, öðrum sem fjallaði um innviði og þeim þriðja, þar sem viðfangsefnið var iðnaðarhúsnæði og dýragarður. Vísað er til búsetuskilyrða í víðri merkingu og komið víða við.

10.1. Ungir

Fram kom að það vanti leikskóla og grunnskóla, sem þarf að sækja á Egilsstöðum, en Fljótsdalshreppur greiðir leikskólagjöld fyrir börn úr Fljótsdal, án þó fæðis.

Kallað var eftir stefnumótun af hálfu sveitarfélagsins sérstaklega varðandi yngstu aldurshópana og þar rætt um dagforeldra, leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla.

10.2. Aldnir

Þátttakendur veltu fyrir sér þeim möguleika að koma upp öldrunarheimili í Fljótsdal. Svæðið býður upp á marga kosti og sagði einhver: „Fljótsdalur, Mallorca Íslands.“. Nýta þyrfti kosti nálægðar við náttúru og samfélag fólks. Meðal annars mætti vera grænmetisgarður, einhver sameiginleg rými og aðstoða fyrir hobbý – til dæmis ef um væri að ræða húsnæði með bílskúr.

Bent var á að ekki þyrfti endilega að vera um að ræða sérstakt öldrunarheimili á ákveðnum stað, heldur gæti t.d. svokölluð dagvist falist í því að heimsækja og aðstoða á búum í rekstri.

10.3. Byggðakjarni

Hópurinn sem ræddi um grunnþjónustu komst að þessari niðurstöðu: „Við þurfum byggðakjarna.“. Síðan velti hann fyrir sér ýmsum þáttum varðandi staðsetningu og áherslur. Rætt var um vistþorp með persónubundinni þjónustu.

- Skilyrði fyrir staðsetningu:
 - Sól.
 - Pláss.
 - Fallegt útsýni.
 - Miðsvæði.
 - Gott aðgengi; varðandi fjarlægðir, akstur og að útivist, afþreyingu og/eða almenningsvæði.
- Þessir staðir gætu komið til greina:
 - Vallholt/skógarbalinn.
 - Brekka.
 - Hjarðarból.
 - Melar.
 - Múlinn.
 - Skriðuklaustur.
 - Végarður.
 - Húsatangi.

Mikilvægt væri, að mati þátttakenda að móta skýra framtíðarsýn til X ára og búa til ímynd. Þetta væri liður í því að laða að nýja íbúa. Einnig var vitnað til stefnumótunar sveitarfélagsins í húsnæðismálum, en sveitarstjórn hefur samþykkt húsnæðisáætlun fyrir árin 2018 – 2026.

10.4. Samgöngur og fjarskipti

Kallað var eftir reglulegum almenningssamgöngum, eða eins og það var orðað, „strætó, fastar ferðir“. Slíkar ferðir myndu, að mati hópsins, þjóna ferðamönnum, unglingum og fólki að sækja vinnu.

Þá var stungið upp á Facebook síðu til að samnýta ferðir og þegar þetta er skrifað, er hún orðin að veruleika.

Rætt var um farsímasamband, sérstaklega út frá öryggissjónarmiði og bent á að endurnýja þurfi senda sem nú þegar eru til staðar og að fara þurfi úr 2G yfir í 3 eða 4G. Þetta varði öryggi í atvinnurekstri, slys út í skógi, í útihúsum eða á heimilum, ferðaþjónustu og hálendið. Sagt var: „Beita þarf sameiginlegum þrýstingi gagnvart neyðarlínu.“.

Bæta þarf útvarps- og sjónvarpsendingar, sögðu þátttakendur. Varðandi sjónvarpsútsendingar var sérstaklega fjallað um Vodafone og sagt að fyrirtækið þurfi „...að hysja upp um sig í sjónvarpsmálum. Ekki er boðlegt að horfa á sjónvarp á tímaflakki og hefur aldrei verið.“. Óskað var eftir því að Fljótsdalshreppur myndi beita sér fyrir betri þjónustu á ljósleiðara frá fyrirtækjunum Tengir annars vegar og Vodafone hins vegar.

10.5. Sorpmál

Losun heimilissorps í Fljótsdal má vera þéttari, sögðu þátttakendur. Í dag er almennt sorp losað einu sinni í mánuði, en flokkað sorp annan hvern mánuð. Hópurinn mat það svo að þetta sé ekki boðlegt. Þörf sé á stærri og fleiri tunnum og að losa oftar.

Varðandi gámasvæði kom fram að þar þurfi að bæta aðgengi og merkja gáma betur. Stungið var upp á því að steypa sérstakt svæði með upphækkunum. Einnig var óskað eftir því að fá sérstaka gáma fyrir pappír og plast.

10.6. Almenningsvæði og sundlaug

Fram kom draumur um einhvers konar almenningsvæði eða garð í Fljótsdal. Varpað var fram ýmsum hugmyndum um hvað slíkt svæði ætti að hafa til að bera. Þar gætu verið göngustígar, sögugöngur, leiktæki, hjólastígar, dýragarður og „Lagarfljótsormsupplifunarleiktæki“. Einnig væri kyrrðin eftirsóknarverð.

Þá kom fram að það vanti sundlaug og íþróttaaðstöðu, en líka hugsað til slíkra mannvirkja í Hallormsstað.

„Almenningsvæði eða garð í Fljótsdal.“



Austurfrétt/Gunnar

10.7. Iðnaðarhúsnæði

Fram fór umræða um iðnaðarhúsnæði, en fyrir mun liggja samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að ráðast í byggingu slíks húsnæðis. Hópurinn vildi miða við 500 - 700 m² húsnæði, með möguleika á stækkun. Þar mætti vera kæli- og frystigeymsla, véla- og smíðaverkstæði og vélageymsla. Einnig matvælavinnsla, þar sem hægt væri að vinna afurðir af sauðfé, hreindýrum, stórgripum, geitum, gæsum og jafnvel kaninum. Húsið mætti nýta að hluta sem geymslu, sögðu þátttakendur, en þó ekki fyrir rusl. Sérstaklega var rætt um korngeymslu/kornvinnslu og einhverjir lýstu von um að fækka gæsum.

Eitt af markmiðunum með byggingu slíks húss, sagði hópurinn að væri það að gera dalinn snyrtilegri og var lögð sérstök áhersla á að húsið og umhverfi þess yrði snyrtilegt.

Húsið ætti m.a. að nýttast Búnaðarfélaginu og jafnframt var varpað fram þeirri spurningu hvort það gæti e.t.v. skapað atvinnumöguleika.

Hér var einnig rætt um þann möguleika að koma á fót húsdýragarði, en þó þannig að sú hugmynd væri ekki bundin við byggingu iðnaðarhúsnæðis.

Næstu skref:

- Byggingarnefnd:
 - Koma saman nefnd.
 - Hanna húsnæði.
- Fjárveitingar.

„Eitt af markmiðunum væri að gera dalinn snyrtilegri.“



11. Fræðastarf og rannsóknir tengt stofnunum

Fram fór frjó umræða í hópi sem ræddi um fræðastarf og rannsóknir tengt stofnunum. Rætt var um fjármögnun, tengslanet, verkefni sem nú eru í gangi, sóknarfæri og hugmyndir að nýjum verkefnum.

Þær stofnanir sem eru í dalnum í dag eru Gunnarsstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Landsvirkjun. Í gegnum þær eru ýmis tækifæri til að ná í fjármagn til verkefna. Nefndir voru sérstaklega tveir sjóðir, annars vegar Verkefna- og rannsóknasjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans og hins vegar Menningarsjóður Gunnars Gunnarssonar. Rætt var um samlegðaráhrif og sóknarfæri sem samstarf við aðrar stofnanir á svæðinu gæti boðið upp á, s.s. við Náttúrustofu Austurlands og Safnastofnun Austurlands. Meðal annars var horft til tækifæra í alþjóðlegu samstarfi. Fram kom að bakgrunnur stofnananna býður upp á fjármagn og tengslanet, en hópurinn taldi vera vannýtt tækifæri og vannýtt tengslanet, sérstaklega að því er varðar Landsvirkjun og Vatnajökulsþjóðgarð.

Þátttakendur nefndu nokkur verkefni sem nú eru í gangi eða hafa verið til umræðu:

- Cine-verkefnið, sem snýst m.a. um náttúru, menningu, tæknilausnir, upplifun og „safn án veggja“.⁷ Gunnarsstofnun er einn af samstarfsaðilum, en einnig tengjast Óbyggðasetur og Fljótsdalshreppur því.
- Hugmynd um að setja á fót rannsóknastöðu Helga Hallgrímssonar.
- Markmið að búa til starf safnstjóra á Óbyggðasetrinu, fáist til þess fjármagn.

Hvaða kosti myndi það fela í sér, ef lögð væri aukin áhersla á fræðastarf og rannsóknir?, spurði hópurinn. Niðurstaðan varð sú að það „gæti orðið framþróun í samfélaginu, fólksflutningur til og þekking inn í samfélagið“.

Þá voru kortlögð verkefni sem þarf að vinna:

- Kortlagning á þekkingu sem til er og á verkefnum sem hafa verið unnin.
- Vantar sýnileika og að miðla þeim verkefnum sem eru í gangi.
- Fræðsla og þekking til barna.
- Skrá óskalista yfir rannsóknaverkefni.
- Skrá sögu Tilraunastöðvar á Skriðuklaustri; stofnun Þórarins Lárussonar.
- Valþjófsstaðahurð.
- Skráning á torf- og grjóthleðslum.
- Sjúkraskýli Brekku.

Næstu skref:

- Kortlagning – sbr. listann hér að ofan.
- Hægt að bjóða upp á húsnæði:
 - Gesta-íbúðatúrismi að vetrum.
 - Bjóða fræðimanni.
 - Vannýtt húsnæði sem gæti nýst fyrir fræðimenn/hópa.
- Sýnileiki:
 - Lobbýismi og monta okkur meira.
- Styrkja miðlun efnis til barna.
- Leiða saman aðila.

⁷ <https://www.skriduklaustur.is/is/minjar/cine>

12. Mannauður

Á þinginu kom fram áhugi á að styrkja samfélagið innan frá, með því að leggja áherslu á samveru og góð samskipti, svo sem fram kemur í kafla 4, hér á undan. Hópur sem fjallaði um mannauð, kafaði dýpra í þau verðmæti sem felast í tengslum við umheiminn, við brottflutta, samskipti milli íbúa og móttöku nýrra íbúa.

12.1. Erlend samskipti

Stungið var upp á því að „fá þekkingu utan frá“. Þetta mætti gera með því að eignast vinabæ sem hægt er að heimsækja, sögðu þátttakendur. Senda ætti fólk á milli, en ekki bara sveitarstjórnarfólk. Það gæti líka verið jákvætt að því leyti að þar færu Fljótsdælingar saman í ferð. Eins mætti koma á einhverskonar skiptiprógrammi, t.d. ungmennaskiptum.

Loks lagði hópurinn til að athuga einnig samstarf íslenskra örsveitarfélaga.

12.2. Brottfluttir

Í Facebook hópnum „Fljótsdælingar“, eru margir brottfluttir, sem eru býsna virkir. Meðal annars er fólk að setja þar inn gamlar myndir. Þarna endurspeglast ákveðin væntumþykja gagnvart heimaslóðunum og í því felast verðmæti, sögðu þátttakendur.

Spurt var: „Hvernig fáum við meira út úr brottfluttum?“.

Framlag þeirra gæti til dæmis falist í vinnu og fjármunum. Einhverjir gætu viljað koma að verkefnum, t.d. taka reit í fóstur eða gera upp hús sem yrði þeirra minnismarki. Jafnframt hugsaði hópurinn til eldri borgara sem eru hættir að vinna og „...vilja yrkja garðinn sinn“.

Þá beindi hópurinn sjónum að unga fólkinu, hvernig mætti laða þau aftur heim. Fram kom hugmyndin „Börnin heim“ sjóður. Vel mætti hvetja unga Fljótsdælinga til að „...taka vini með heim í vinnu, ekki bara læri til mömmu“.

Hópurinn var sammála um að þeir brottfluttu sem hafa áhuga á að gera eitthvað eða rækta tengslin frekar, þurfi að vita hvernig þeir geti fundið farveg fyrir áhuga sinn. Því var stungið upp á að gera lista yfir verkefni sem geta hentað brottfluttum til að styðja við.

„Hvernig fáum við meira út úr brottfluttum?“



Austurfrétt/Gunnar

12.3. Samskipti innan sveitar

Rætt var almennt um félagslega virkni og aðsókn á viðburði. Sagt var: „Höfum viðburði t.d. á Skriðuklaustri, sem lítið eru nýttir af heimamönnum.“ Í framhaldi af því var spurt: „Hvað vilja Fljótsdælingar sækja?“. Í þessu samhengi var svo rætt um handverkshóp með fræðslu.

Einnig veltu þátttakendur fyrir sér hvernig mórallinn er í sveitinni og spurðu: „Er gleði?“. Niðurstaðan var þessi: „Það þarf drifkraft sem drífur aðra með sér.“.

Þá beindi hópurinn sjónum sínum að nýjum íbúum og þeirri spurningu hvort nýtt fólk sé boðið velkomið? Einhverjir voru þeirrar skoðunar að Fljótsdalur sé fremur lokað samfélag og ættarveldi og að nýtt fólk geti upplifað sig einangrað. Þetta snúist um að hjálpa fólki til að brjóta ísinn því „allir þurfa að finna að þeir skipti máli“.

Best væri ef að til staðar væri kerfi sem tekur á móti nýju fólki, sögðu þátttakendur. Móttakan gæti þá m.a. innihaldið eftirfarandi:

- Kynna staðhætti og/eða örnefni, t.d. bjóða upp á ferð með leiðsögn.
- Ættartré, hver er skyldur hverjum.
- Miðla þekkingu. Hver veit það sem ég þarf að vita? Kortleggja það, gera mögulega aðgengilegt í gegnum heimasíðu.

En þetta snýst ekki bara um „formlega“ móttöku, sagði hópurinn, heldur þurfa nýbúar líka oft sjálfir að sækja sér þekkingu og þá spurning um aðgengi að upplýsingum. Í því sambandi var nefnt að „skólaboðunin er úr sögunni“. Sagt var, út frá reynslu að það væri ekki nóg að hitta fólk einu sinni í kaffi, „maður lærir ekki nöfn þannig“.

Einn möguleiki sem var ræddur, var að nýjum íbúum væri úthlutað tengilið, sem aðstoðaði viðkomandi við að afla upplýsinga og tengjast samfélaginu.

Þá var stungið upp á því að þegar nýir sveitungar flytja í dalinn, þá komi heimafólk sér saman um að mæta til þeirra á ákveðnum degi, með kökur eða eitthvað lítilræði og bjóða þá velkomna. Sagt var frá því að nýr íbúi væri væntanlegur á næstu dögum eftir þingið og til gamans má geta þess að þannig var tekið á móti viðkomandi, með góðum árangri.

„Hvað vilja Fljótsdælingar sækja?“



Austurfrétt/Gunnar

13. Fljótsdalshreppur – sameining og styrkir

Á þinginu veltu þátttakendur meðal annars fyrir sér spurningunni um sameiningu sveitarfélaga, annars vegar út frá því hvaða stefnu Fljótsdalshreppur vilji marka sér og hins vegar út frá stefnumörkun á landsvísi. Einnig var rætt um styrki og þá sérstaklega þann möguleika að koma á fót nýsköpunarsjóði.

13.1. Sameining

Einn hópur velti fyrir sér kostum og göllum þess að sameinast einu eða fleiri sveitarfélögum og spurði ýmissa lykilspurninga. Fram kom að þegar fram fór könnun, vorið 2018, meðal íbúa á Fljótsdalshéraði, í Fljótsdalshreppi, á Borgarfirði eystra, Djúpavogi, Seyðisfirði og Vopnafirði um mögulega sameiningarkosti, vildi meirihluti þátttakenda í Fljótsdalshreppi enga sameiningu.⁸

Taldi hópurinn ástæðuna vera fjárhagslega, þar sem við sameiningu, myndi Fljótsdalshreppur tapa fasteignagiöldum af stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar.

En, „sameiningu þarf að ræða“, sagði hópurinn og varpaði fram þeirri spurningu hvort möguleg sameining Fljótsdalshéraðs, Djúpavogshrepps, Borgarfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar breyti einhverju? „Erum við að missa af, eða brenna að baki okkar brýr með að vera ekki með? Verður þjónustan sem við kaupum dýrari?“.

Einnig var spurt: „Hvernig nýtum við peningana til að byggja upp sjálfbært samfélag og fáum inn nýtt fólk?“. Bent var á að fyrir barnafjölskyldur sé langt að sækja þjónustu, s.s. skóla. Mögulega myndi byggðakjarni hjálpa, sögðu þátttakendur. Inn í íbúahópin vanti kynslóð, eins og staðan sé í dag og þú „vilt ekki vera eina barnafjölskyldan“.

- Hver er samningsstaðan? Getum við samið okkur inn í annað sveitarfélag?
- Myndi fólk frekar flytja í sveitina eftir sameiningu?
 - Ekki endilega, samheldnin er meiri í minni samfélögum.
- Er Fljótsdalshreppur hentug stjórnsýslueining?
 - Varla, +10% tilheyra hreppsnefndinni, stutt í vanhæfni, erfitt í erjum.
- Stöðvast þróunin við sameiningu?
 - Jökuldalurinn hræðir.
 - Tryggja þarf að innviðir séu til staðar og verði ekki teknir.
 - Tryggja að valdið fari ekki allt úr sveitinni.
 - Skólinn er þegar farinn. Myndi skólaakstur og þar með almenningsamgöngur eflast í stærra sveitarfélagi?

Þá veltu þátttakendur fyrir sér spurningunni: „Hvað er landspólítíkin að hugsa?“. Spurt var hvað stjórnvöld muni gefa mikinn tíma fram að þvingaðri sameiningu og hvernig Fljótsdælingar vilji nýta hann. Í því sambandi var upplýst að vænta megi frumvarps á Alþingi á komandi hausti, þar sem gerð verði krafa um að lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi verði 1000 manns. Spurningin sé í raun ekki hvort, heldur hvenær komi að sameiningu.

Jafnframt var sagt: „Lítill samfélög sem endurnýjast ekki, deyja að innan.“.

Stungið var upp á samvinnu við eitthvert annað „örsveitarfélag“ og voru tvö nefnd, Ásahreppur og Hvalfjarðarsveit.

⁸ <https://www.ruv.is/frett/fjogur-sveitarfelog-skodi-sameiningu>

Þátttakendur binda vonir við samfélagsþingið og afrakstur þess og sögðu að ef það heppnist vel, sé hægt að koma ýmsum góðum málum af stað. Þá taldi hópurinn að skrifaðar stefnur yrðu haldreipi eða varnargirðingar við sameiningu.

Loks sagði einhver: „Sá sem sagði já í sameiningarkönnuninni í fyrra er ekki enn fundinn!“.

Næstu skref:

- Fylgjast með hvað gerist í öðrum sameiningarviðræðum, t.d. virkni heimastjórna.
- Hreppsnefnd þarf að greina mögulegar sviðsmyndir varðandi sameiningarmál og móta stefnu. Þyrfti að vera tilbúin fyrir 2020.
- Setja þarf upp áfanga og tímamark fyrir næstu skref.
- Sameining verður þvinguð, spurningin er ekki hvort heldur hvenær.

13.2. Styrkir

Fjárhagsstaða Fljótsdalshrepps er góð, miðað við íbúafjölda og var á samfélagsþinginu aðeins komið inn á fjármál. Í tveimur hópum var stungið upp á því að sveitarfélagið myndi koma upp sjóði sem hefði það hlutverk að styðja við hugmyndir. Í því sambandi var talað um sprotasjóð, eða atvinnu-, nýsköpunar-, eða þróunarsjóð.

Hins vegar var stungið upp á umræðu undir yfirskriftinni „sorglegt ef eini kosturinn við að búa í Fljótsdal er vegna styrkja“. Þess ber að geta að það málefni fékk engan af þeim grænu punktum sem þátttakendur notuðu til að forgangsraða málefnum og reyndar einn rauðan punkt. Því má draga þá ályktun að heimamenn hafi almennt ekki áhyggjur af því að aðráttarafli Fljótsdals snúist um styrkveitingar. Það er reyndar í anda þess sem sá hópur skráði niður á blað, sem var svohljóðandi:

- Styrkurinn ætti að vera að **sjálfur Fljótsdalurinn** og mannlífið, land og veður.
- Mikilvægt að virkja frumkvæði einstaklingsins.
- Mikilvægt að efla vitund og ábyrgð einstaklinga í sveitarfélaginu.



Austurfrétt/Gunnar

14. Framtíðarsýn - 2035

Eftir að umræðuhópar höfðu lokið störfum á samfélagsþinginu, var haldið í ferðalag inn í framtíðina. Þátttakendum var boðið að ímynda sér að 16 ár hefðu liðið í einu vetfangi og að sjá Fljótsdalinn fyrir sér árið 2035.

Almennt sá fólk fyrir sér gróskumikið og fallett land, veðursæld og fjölbreytni, með áherslu á umhverfismál og sjálfbærni. Enn sé landið nytjað og búskapur stundaður, en í sátt við náttúruna. Fjölbreytni hafi aukist. Þrátt fyrir ýmsar breytingar sé fegurð dalsins sú sama og var. Mannlífið blómstrar og samfélagið er stærra og kraftmeira.

Einhverjum sýndist þó að lítið hefði breyst og nefnt var að Fljótsdalsvirkjun væri á sama stað. Annar sagði: „Ég sá fyrir mér fallega sveit, með góðu mannlífi og hamingjusömu fólki. Fullt af tækifærum.“. Og við þetta var bætt, að breytingin væri sú að nú kunni heimamenn að meta það.

UMHVERFI

Vatnajökull hefur minnkað en svæðið er mun gróskumeira. Sjá má gróður innan frá jökli, skógar hafa stækkað og þeim fjölgað og dalurinn nú vaxinn miklum skógi. Víða má sjá ræktaða akra.

Fljótsdalur er snyrtileg sveit, hér er ekkert rusl, eða ruslahaugar og engar ónýtar girðingar.

SKÓGRÆKT OG LANDBÚNAÐUR

Nú er orðin mikil framleiðsla á skógarafurðum og skógarúrvinnsla orðin alvöru atvinnugrein. Víða má sjá trjáboli í stæðum.

Atvinnutækifærum hefur fjölgað og þau eru fjölbreyttari og fyrirtækin í dalnum hafa stækkað. Það á ekki síst við um landbúnaðinn og „...ég get fengið allt sem þarf í dalnum“. Hugsanlega hefur sauðfé fækkað með aukinni skógrækt, sagði einhver en aðrir sáu fyrir sér að hér væru fallegar kindur og að lífrænu sauðfé hafi fjölgað, auk þess sem að á einhverjum bæjum sé nautgriparæktun og kornræktun. „Nokkrir bændur hættu með sauðfé og eru komnir með gróðurhús, grænmetisræktun og eigin virkjun.“ Í Fljótsdal eru nú mögulega fleiri „smábýli“ og jafnframt fjölbreytt ræktun, dýr, gróður og grænmeti.

Róbótar hirða um tún fyrir bændur og e.t.v. fyrirfinnast nú eingöngu rafknúnir traktorar í Fljótsdal.

FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónusta blómstrar í sveitinni og umsvifin hafa aukist til muna með fjölgun ferðamanna. Margir þeirra ferðast á rafbílum. Fljótsdælingar kunna að taka vel á móti fólki og ferðamönnum finnst þeir vera „heima“ og velkomnir eins og fjölskylda.

Vatnajökulsþjóðgarður er vinsæll og ferðamenn eru á göngu víða á hálendinu. Enda eru gönguleiðir og hjólastígar fyrir íbúa og gesti og jafnvel reiðleiðir, þar sem sjá má fólk á baki. Óbyggðasetur er ennþá á sínum stað. Ef til vill er komið handavinnusafn.

Nokkrir gististaðir (kofar) hafa verið byggðir upp fyrir ferðamenn. Aðgengi að ferðamannastöðum hefur verið bætt. Komin er gönguleið og útsýnispallur við Strútsfoss.

Síðast en ekki síst er komin þjónustumiðstöð við Hengifoss og þar er mikið af ferðamönnum og iðandi mannlíf. Húsið stendur e.t.v. í brekkunni við Hengifossána. Hér er gönguleið beggja vegna við Hengifoss og brýr yfir á gönguleiðir.

BYGGÐAKJARNI

Íbúum hefur fjölgað og hér hefur orðið mikil uppbygging bæði í atvinnu og húsnæði. Orðinn er til byggðakjarni í Fljótsdal, lítið þorp, með íbúðum, húsum og smáíbúðum. Nokkrir staðir voru nefndir; í miðjum dal, utan við Végarð, á skógarbala eða, eins og það var orðað, „...í Hengifosskauptúninu, sem er 150 manna kaupún á Melahæðum“. Ekki voru allir draumar svo stórbrotnir og einhver sagði: „Nokkrum húsum var bætt við.“

Ýmir áttu sér þann draum að í þorpinu sé leikskóli, eða vistun hjá dagmömmu og e.t.v. skóli, enda hafi ungum fjölskyldum fjölgað. Þá sé stóra skemman komin og fólk að vinna í kringum það.

Ekki aðeins hafi byggðin vaxið, heldur sé hér hugsanlega sjálfbært samfélag.

MANNLÍF

Með fleira fólki og ekki síst fjölgun ungs fólks, eru nú börn að leik við flesta bæi. Þannig hafa orðið kynslóðaskipti á bæjum, þó núverandi íbúar séu orðnir eldri. Sjá má leiksvæði, rólur, hoppudýnur og sandkassa. Hér hittir maður nýtt fólk, ný andlit í sólinni. Allir sem flytja í Fljótsdalinn eru boðnir velkomnir af sérstakri móttökunefnd. Það er meira líf og gleði, tími til að stoppa við, heilsast, brosa og hjálpast að. Hér er mikið í gangi, viðburðir og samtal allsstaðar í dalnum.

Hluti íbúanna starfar í dalnum, en ýmsir sækja vinnu í Egilsstaði. Hver og einn leggur sitt af mörkum og axlar þannig ábyrgð fyrir samfélagið. Samheldni meðal íbúa hefur vaxið og samfélagið er stærra og kraftmeira.

SJÁLFBÆRNI

Sýnin um sjálfbærann Fljótsdal kom nokkuð sterkt fram í framtíðarsýninni. Það kom ekki aðeins fram í áherslunni á skógrækt og grænt svæði, heldur einnig í því að uppbygging næstu ára yrði í anda sjálfbærrar þróunar. Ef til vill, væri vísir að vistvænu þorpi risið á skógarbala og sólarcellur á þökum húsa, „...vistþorp sem hýsir ungt fólk sem vill búa og lifa í sjálfbærum lífsstíl“. Matjurtagörðum og gróðurhúsum hefur fjölgað, með fjölbreyttri ræktun, m.a. á grænmeti og kartöflum.

Það er enginn sem á bíl. Allir ferðast með rafknúnum sporvögnum eða með dróna sem flytur fólk á milli staða.

Búið er að afmarka veiðisvæði fyrir gæsveiði. Almennt ríkir meiri meðvitund um umhverfismál og Fljótsdalur er þekkt vörumerki fyrir matvælaframleiðslu.

DRAUMASTAÐUR

Að lokum fylgja hér tvær myndir sem þátttakendur brugðu upp, að loknu ferðalaginu inn í framtíðina. Svona gæti lífið mögulega verið í Fljótsdal árið 2035:

„Í Hengifosskauptúninu, sem er 150 manna kaupún á Melahæðum, sitja eldri borgarar á veröndinni hjá Tótu og drekka morgunkaffið sitt. Hún bölvur og hinir hlæja. Þeir horfa á eftir bílunum sem hægja á sér við hraðahindrunina á brekkubrúninni. Allir á leið til vinnu í dýragarðinn, kláfinn í fjallinu sem er orðinn helsta aðdráttarafl sveitarinnar. Börnin leika sér.“

„Sjálfbært samfélag. Búskapur á öllum jörðum. Vel slegin tún. Byggðakjarni við Snæfellsstofu og Skriðuklaustur þar sem er vistþorp sem hýsir ungt fólk sem vill búa og lifa í sjálfbærum lífsstíl. Leikskóla, eldri borgara og fræðasamfélag allt í bland og unnið út frá sjálfbærni og Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem ég bý 75 ára!“

15. Samfélagsþing og hvað svo?

Í lok þingsins komu allir þátttakendur saman og ræddu spurninguna: „Samfélagsþing og hvað svo?“

Mikilvægast er að hrinda verkefnum og hugmyndum í framkvæmd og engin ástæða til þess að bíða, því margar hugmyndanna séu framkvæmanlegar strax.

Fyrst þurfi samfélagsnefndin að fara yfir og þétta verkefnin, því víða sé skörun í hugmyndunum. Spurt var: „Hver vill taka að sér verkefni?“ og nefnt í því sambandi að passa þurfi að ekki fari allir í sömu verkefnin.

Einhver verkefni ættu að vera í höndum nefndarinnar og stofnanir og fyrirtæki gætu ættleitt verkefni. Bent var á að ekki megi leggja alla ábyrgð á sveitarstjórnina og samfélagsnefndina og spurt: „Hvað getum við sem íbúar gert sjálfir?“ Nokkrar leiðir væru til að tengja vinnuna við íbúa og lagt til að samfélagsnefnd opni, myndi eða hvetji hópa til að útfæra hugmyndirnar og vinna áfram með þær. Það þurfi „kítískan massa“ t.d. 5 bæi saman til að hefja einhverja vinnu. Heimamenn telja líka mikilvægt að halda áfram samræðunni, t.d. á fimmtudagshittingum.

Lagt var til að endanlegar tillögur að verkefnum fari til sveitarstjórnar til samþykktar.

Skilaboð þátttakenda um eftirfylgni voru í góðu samræmi við þær forsendur sem samfélagsverkefnið og -þingið byggir á, en loforð sem fram kom í dreifibréfi fyrir þingið, hljóðar svo:

„Hreppsnefnd og samfélagsnefnd leggja áherslu á að vinna með íbúum, starfsmönnum fyrirtækja/stofnana í hreppnum og öðrum, í gegnum samfélagsverkefnið. Það sem fram kemur á þinginu verður nýtt til að skilgreina þá valkosti sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir, í hinum ýmsu málum. Þar má m.a. nefna skipulagsmál, atvinnumál, aðstöðu, þjónustu, eflingu samfélagsins og stefnumörkun Fljótsdalshrepps almennt. Einnig er vonast til að eitthvað af hugmyndum þingsins komi til framkvæmda, mögulega í samstarfi samfélagsins, nefndarinnar og sveitarfélagsins.“*

**þ.e. brottfluttir, afkomendur Fljótsdælinga, jarða- og sumarbústaðaeigendur.*

Loks má geta þess að þrír fulltrúar frá SSA þáðu boð um að koma í lok þings og m.a. heyra af forgangsöröðun málefna. Þetta voru þeir Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson og Stefán Bogi Sveinsson. Eftir þingið bauð Fljótsdalshreppur öllum þátttakendum í glæsilegt kaffihlaðborð í Klausturkaffi. Þar ávarpaði Gunnar viðstadda, óskaði Fljótsdælingum til hamingju með samfélagsþingið og talaði fyrir samstarfi og sameiningu.



16. Að lokum

Fljótsdalshreppur býr yfir miklu ríkidæmi. Sveitarfélagið nær yfir stórt landsvæði og veðursæld og landgæði, skapa margvísleg tækifæri. Þá er ótalinn mannauður og þau verðmæti sem felast í sögu og hefðum. Í fáum, ef nokkrum, jafn fámennum sveitarfélögum hér á landi, eru svo margar stofnanir, þar sem unnið er að ýmsum þróunarmálum. Að auki er fjárhagsstaða sveitarfélagsins góð, sem gerir samfélagið í Fljótsdal óvenju vel í stakk búið til að taka á móti framtíðinni af framsækni, alúð og metnaði.

Samfélagsverkefni Fljótsdalshrepps snýst einmitt um að efla og styrkja samfélagið og sjá framtíðarmöguleika byggðarinnar. Verkefnið byggir á samstarfi. Sveitarstjórn opnar samtali við íbúa og vænst er áframhaldandi virkrar þátttöku þeirra, fyrirtækja í hreppnum og annarra velunnara, til að leita lausna og virkja kraft samfélagsins.

Í aðdraganda þingsins lagði samfélagsnefnd áherslu á að fá sem flesta til þátttöku, fólk sem hefur búsetu í hreppnum, en líka ungt fólk sem þar hefur rætur, brottflutta sem hafa taugar til heimabyggðarinnar og annarra sem þar eiga hús eða land. Allt þetta fólk lætur sig miklu varða hver þróun byggðar í Fljótsdal verður á næstu árum og áratugum.

Samfélagsþingið skilaði miklum og verðmætum efniviði. Nú er það samfélagsnefndar og síðan sveitarstjórnar að skilgreina ákveðin verkefni og gæta þess að dreifa ekki kröftunum um of, til að ná sýnilegum og góðum árangri.

Það er kúnst að búa sig undir framtíð, sem enginn veit með vissu hvernig verður. En með áframhaldandi samtali, skýrri forgangsröðun og markvissri eftirfylgni, er heimamönnum ekkert að vanbúnaði með að ná því markmiði að það verði „Fögur framtíð í Fljótsdal“.



Austurfrétt/Gunnar

F.v.: Sigurborg Kr. Hannesdóttir, sem stýrði samfélagsþinginu, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, oddviti og síðan fulltrúar í samfélagsnefnd, þau Jóhann Þórhallsson, Signý Ormarsdóttir, Þórhallur Jóhannsson og Arna Björg Bjarnadóttir, formaður. Á myndina vantar Lárus Heiðarsson.